

25. maí 2006
4. tbl.—árg. 3

Kerhraunsfréttir

Sameigleg plöntuinnkaup



Kæru Kerhraunarar

Til þess að vera samkeppnisfær við Suðurlandsskóga :) þá hefur stjórnin leitað tilboða í 500 glæsilegar birkiplöntur og kannar nú meðal Kerhraunara hvort þeir vilji kaupa slíkar plöntur og um leið leggja drög að því að græða upp Kerhraunið okkar. Hugmynd okkar var sú að t.d. keypti landeigandi 10 plöntur og svo yrðu gróðursettar 100 plöntur í sameignina.

Eftirfarandi tilboð er frá Gróðrastöðinni Ölur á Sólheimum.

"Get boðið Félagi sumahúseigenda í Kerhrauni birki sem er 70-100 cm hátt á kr 650.- pr stk. Listaverð á plöntuna er Kr. 900. Innifalið í tilboðinu er 1 rúmmetri af blandaðri gróðurmold og gæti verið klárt fyrstu vikuna í júní."

Stjórnin biðjur alla þá sem huga á birkikaup að leggjast nú á eitt með okkur og taka þátt í þessari tilraun. Plönturnar verða afhentar í Kerhrauninu.

Vinsamlegast sendið póst á: gudrunmn@simnet.is ef þið hafið áhuga sem við auðvitað vonum.

GPS mælingar



Verkfræðistofa Suðurlands hefur hafið GPS mælingar í Kerhrauninu. Þeim lýkur í næstu viku.

Í framhaldi af því verður haft samband við þá aðila sem vildu þessa mælingu varðandi útkomuna og einnig kostnaðinn.

Niðurstöðunnar beðið með óþreyju.